

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
b.t. skipulags- og samgönguráðs

Reykjavík, 14. október 2020

Efni: Umsögn borgarfulltrúa og fulltrúa í íbúaráði Kjalarness, Mörtu Guðjónsdóttur, um hámarkshraðaáætlun í hverfunum (Málsnr: USK2020090009)

Mikilvægt er að auka aðkomu íbúa að ákvarðanatöku um nærumhverfi sitt. Einn meginilgangurinn með nýjum íbúaráðum var að efla íbúalýðræði. Því miður hefur það ekki gengið eftir sem skyldi hvað Kjalarnesið snertir þar sem því var hafnað á fundi íbúaráðsins 8. október sl. að senda íbúasamtökum Kjalarness til umsagnar tillögu um hámarkshraðaáætlun.

Mikilvægt er að þegar lagðar eru til breytingar á hámarkshraða að slíkar breytingar séu byggðar á slysatölum, tegund umferðar, staðsetningar, lengd gatna og á umferðarmódeli. Í tillögunni er gert ráð fyrir nýju hraðaþrepi sem er 40 km/klst. Áður en ráðist er í slíkar breytingar er nauðsynlegt að haft verði víðtækt samráð um þær við Samgöngustofu, Vegagerðina, FiB, Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, lögreglu og síðast en ekki síst við íbúa. Meta þarf hvort nýtt hraðaþrep leiði til lækkunar umferðarhraða samanborið við aðrar aðgerðir s.s. þrengingar, gönguljós, hraðavaraskilti, hraðamyndavélar og gangbrautir. Hingað til hafa hraðaþrep verið samræmd á öllu landinu sem er mikilvægt með tilliti til þess að rugla ekki öikumenn í ríminu með mismunandi skilaboðum. Í íbúðagötum er nú þegar ekki leyfður nema 30 km hraði á klst., sem var gert á sínum tíma til að draga úr slysum á börnum í hverfum borgarinnar en gert var ráð fyrir aka mætti hraðar á tengibrautum. Þetta fyrirkomulag hefur náð markmiði sínu og fækkað slysum inni í hverfunum. Hætt er við að ef hámarkshraði verði lækkaður á tengibrautum aukist umferðin inn í hverfunum á álagstímum sem dregur úr umferðaröryggi barna á leið í og úr skóla og í tómsundur og eykur slyshættu, umferðartafir, kostnað og síðast en ekki síst mengun.

Til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda er brýnt að áttak verði gert í því að gangbrautir verði sebramerktar, upplýstar og sérmerktar til samræmis við umferðarlög. Margt konar útfærslur á gönguþverunum gefa misvísandi skilaboð sem dregur úr umferðaröryggi. Skilaboð í umferðinni hvort heldur er gangandi, hjólandi eða akandi þurfa að vera samræmd og skýr.

Allar breytingar þurfa að taka mið af því og að faglega sé staðið að slíkum breytingum með þeim stofnunum og þeim aðilum sem sinna umferðaröryggismálum.